SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Landssamband skógræktarfélaganna – Þórunnartúni 6 - 105 Reykjavík
Sími: 551 8150 Netfang: skog@skog.is Vefsíða: www.skog.is

Reykjavík 13. september 2023

Til stjórna sveitarfélaganna á Íslandi.

Með bréfi þessu vill stjórn Skógræktarfélags Íslands fylgja eftir eftirfarandi ályktun sem samþykkt var á aðalfundi félagsins nýverið.

Skógarreitir og græn svæði innan byggðar.

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Patreksfirði 1.-3. september 2023, hvetur sveitarfélögin til að huga sérstaklega að verndun og varðveislu skógarreita, trjálunda og grænna svæða innan byggðar og í næsta nágrenni. Það er vanmetið hvað græn svæði hafa mikla þýðingu fyrir lífsgæði allra landsmanna, bæta skjól í og við þéttbýli, hvetja til útiveru, fjölskyldusamveru og stuðla að bættri geðheilsu. Jafnframt eru mikil verðmæti fólgin í grænum svæðum, bæði í trjánum sjálfum sem og þeim áhrifum sem þau hafa á nærsamfélagið. Bæði sveitarfélög og íbúar njóta góðs af því. Enn fremur er kolefnisbinding trjágróðurs mikilvæg mótvægisaðgerð í loftslagsmálum.

Greinargerð
Margar rannsóknir hafa sýnt fram á jákvæð áhrif skóga og grænna svæða hvað varðar lýðheilsu, geðheilsu, útivist og hreyfingu, mengunarvarnir, skjól, vatnsmiðlun og bara fegurðarauka. Það ætti því að vera forgangsmál sveitarfélaga við skipulag að tryggja aðgengi íbúa að skógum og öðrum grænum svæðum, sem margir hafa lagt mikið af mörkum til, á löngum tíma.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 09.11.2026

Með auknum íbúafjölda þenst byggð út. Skógarreitir sem áður voru langt fyrir utan þéttbýli eða í útjaðri þess eru nú komnir alveg að því og byggðin teygir sig alveg að skóginum, meðfram honum eða utan um hann. Tilhneiging hefur verið til að horfa til slíkra svæða sem byggingarlands, sérstaklega þar sem byggð umlykur skógarreiti og verið er að vinna að þéttingu byggðar. Gengur þar með á þessi grænu svæði innan byggðarinnar. Þétting byggðar þýðir iðulega minni garðlóðir við hús en áður var venjan, sem skerðir enn frekar möguleika íbúa á því að njóta gróðurs og náttúru í nálægð við heimili sín. Með því verða sameiginleg græn svæði enn mikilvægari fyrir íbúa en áður og því þeim mun mikilvægara að standa vörð um þau svæði sem fyrirfinnast nú þegar.

Það er einlæg ósk stjórnar Skógræktarfélags Íslands að ályktunin verði tekin til góðfúslegrar skoðunar.

F.h. stjórnar Skógræktarfélags Íslands

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri

Samrit: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 09.11.2026